


# Starfsmannapúlsinn 2020
## Heildarniðurstöður íslenskra sveitarfélaga í norrænu samhengi

*Kristján Ketill Stefánsson, PhD*

Vísar rannsóknir
ESOMAR member
Hafðu samband í síma **583-0700** eða
kynntu þér málið á **visar.is**

# Efni kynningarinnar

- Hvað er Starfsmannapúlsinn?
  - Ný samræmd nálgun við að framkvæma vinnustaðagreiningar
    - Ný íslensk útgáfa af $QPS_{Nordic}$ starfsmannakönnuninni
    - Ný nálgun við gagnasöfnun, úrvinnslu og miðlun niðurstaðna.
- Heildarniðurstöður 2020 í norrænu samhengi
  - Dæmi úr aðgangi Skarðshlíðarskóla
    (með góðfúslegu leyfi skólastjóra)

QPS Nordic

General Nordic Questionnaire for
Psychological and Social Factors at Work

- Gefin út á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar og Norræna ráðsins um síðustu aldamót.
    - Stytt útgáfa fljótlega aðgengileg hjá Vinnueftirlitinu
- Ekki enn í almennri notkun á Íslandi
    - ástæða: framkvæmd, úrvinnsla og túlkun reynist oft þung í vöfum
- Nýjar óháðar heildarþýðingar uppúr ensku og norsku
- Val mælikvörðum byggt á ritrýndum rannsóknum
    - (sjá Christensen og Knardahl, 2010; Wannstrom o.fl., 2009a; Wannstrom o.fl., 2009b).
- Formgerðargreining (e. structural equation modeling; SEM) notuð til að staðfesta:
    - mælingasamræmi (e. measurment invariance)
    - réttmæti (e. vailidity)

# Starfsmannapúlsinn metur 16 þætti

## Starfið
- Vinnuálag
- Skýrleiki hlutverks
- Ágreiningur um hlutverk
- Jákvæðar áskoranir í starfi

## Vinnustaðurinn
- Starfsandi
- Stuðningur frá samstarfsfólki
- Nýsköpun
- Mismunun
- Einelti og áreitni

## Starfsmaðurinn
- Leikni í starfi
- Skuldbinding til vinnustaðarins
- Samband vinnu og einkalífs

## Stjórnun
- Stuðningur frá næsta yfirmanni
- Sanngjörn forysta
- Valdeflandi forysta
- Ræktun mannauðs

***Könnunin er samtals 46 spurningar***

# Formgerðarlíkan fyrir valda þætti úr Starfsmannapúlsinum



# Fáir þora að kvarta

- Fáir þora að kvarta undan einelti og ofbeldi á vinnustað.
- Óttast stimplun
- Nafnleysi grundvallaratriði
- Svarhlutfall grundvallaratriði



Fréttir Sjónvarp Útvarp Dagskrá KrakkaRÚV RÚV núll Íþróttir Menning

**Fáir þora að kvarta undan ofbeldi í vinnunni**

10.10.2017 - 22:24 Atvinnulíf · Innlent



Mynd: RÚV / RÚV

Þeir sem verða fyrir ofbeldi og einelti á vinnustað brotna oft niður þora ekki að kvarta. Þetta leiða rannsóknir í ljós. Háskóli Íslands hefur skipað fagráð til að taka á eineltismálum og kynbundnu ofbeldi. Guðbjörg Linda Rafnsdóttir, félagsfræðingur og aðstoðarrektor Háskóla Íslands, segir að sjálfstraust margra sem fyrir ofbeldinu verði molni. „Það er mjög auðvelt að brjóta niður fólk, líka fullorðna einstaklinga, jafnvel fullorðna einstaklinga sem eru með gott sjálfstraust," segir Guðbjörg.

KRISTÍN SIGURÐARDÓTTIR
Fréttastofa RÚV
Senda skilaboð

Hlusta

TENGDAR FRÉTTIR

# Ný nálgun við gagnasöfnun

Ég vil láta minna mig á ef ég gleymi að ljúka könnuninni. Ég skil að til þess að þetta sé hægt verður nafn mitt geymt með þeim svörum sem ég gef þar til ég er búinn að ljúka könnuninni en þá verður nafninu sjálfkrafa eytt.

Kæri starfsmaður,

velkomin(n) í Starfsmannapúlsinn. Á næstu síðum er að finna spurningar og fullyrðingar um starfið þitt og vinnustaðinn þinn. Markmiðið með könnuninni er að safna upplýsingum sem verða nýttar til að þróa og bæta starfsaðstæður þínar og starfsumhverfi. Gefðu þér góðan tíma til að svara. Flestum spurningunum er svarað með því að merkja við þann valkost sem lýsir best reynslu þinni. Einnig eru nokkrar opnar spurningar sem þú svarar skriflega.

Vinnsla könnunarinnar uppfyllir skilyrði laga nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónupplýsinga. Úrvinnsla svaranna er algjörlega nafnlaus. Við mælum með því að þú leyfir okkur að vista nafn þitt tímabundið á meðan að þú svarar þannig að hægt sé að minna þig á ef þú gleymir að ljúka könnuninni eða samband rofnar. Ef þessi kostur er valinn er nafni þínu eytt sjálfkrafa eftir að svörun lýkur. Ef þessi kostur er ekki valinn er nafninu þínu eytt áður en þú byrjar að svara og þú færð í hendur nýjan nafnlausan þátttökukóða. Það að hægt sé að minna þig á gegnir mikilvægu hlutverki við að ná ásættanlegu svarhlutfalli í könnuninni en án góðs svarhlutfalls verða niðurstöður könnunarinnar marklausar. Fyrir nákvæmari upplýsingar um hvernig við tryggjum persónuvernd í könnunum okkar vinsamlegast smelltu hér til að skoða persónuverndarstefnuna okkar í nýjum flipa.

Bestu kveðjur,
starfsfólk Starfsmannapúlsins

☐ Ég vil láta minna mig á ef ég gleymi að ljúka könnuninni. Ég skil að þetta felur í sér að nafn mitt verður geymt með svörunum þangað til ég hef lokið könnuninni en þá verður nafninu sjálfkrafa eytt. Fullum trúnaði er heitið.

☐ Ég samþykki að taka þátt í þessari könnun.

# Algjörlega nafnlaus svörun



# Aðrar nýjungar við gagnasöfnun

- Hægt að flakka á milli íslensku, pólsku og ensku.
- Talgervill fyrir öll tungumál
- Öll samskipti dulkóðuð (https)
- SMS áminningar og forritanleg raddskilaboð
- Hægt að bæta við sérsniðnum aukaspurningum



- Könnunin aðlagar sig að mismunandi tækjum
- Opin svör vistuð aðskilin frá öðrum svörum
- Uppfyllir ströngustu kröfur GDPR

# Nafnlaus og staðlaður samanburður

- Niðurstöður fyrir hópa með færri en 5 svarendur ekki birtar til að tryggja nafnleynd.
- Nafnlaus samanburður við alla vinnustaði sem eru að taka könnunina á sama tíma (í mars ár hvert).
- Samanburður við eigin fyrri niðurstöðu




**Staðlaðir kvarðar**

1-9; meðaltal 5; staðalfrávik 2

einfaldar alla túlkun og samanburð bæði milli kvarða og milli vinnustaða

**Þumalputtaregla**

1,5 stig = mikill munur

1,0 stig = töluverður munur

0,5 stig = lítill munur

Vísar rannsóknir
ESOMAR member
Hafðu samband í síma **583-0700** eða kynntu þér málið á **visar.is**

# Niðurstöður 2020




Vísar rannsóknir
ESOMAR member
Hafðu samband í síma **583-0700** eða kynntu þér málið á **visar.is**

# Starfsmannapúlsinn - Deildarskýrslur 2020 – Skarðshlíðarskóli

Um rannsóknina    Búa til PDF

Þessi síða sýnir yfirlit yfir þættina sem mældir eru í Starfsmannapúlsinum. Til að sjá niðurstöður er smellt á nafn matsþáttar. Niðurstöður einstakra matsþátta eru settar fram á stöðluðum mælikvarða sem kallast staðalníur (e. stanines). Staðalníur eru kvarði með meðaltal 5 og staðalfrávik 2. Sem viðmiðunarregla er munur uppá 0,5 stig á staðalníukvarða ekki mikill munur, munur uppá 1,0 stig telst töluverður munur og munur uppá 1,5 stig og meira telst mikill munur. Túlkun á mikilvægi munarins fer eftir efni og dreifingu hvers matsþáttar fyrir sig. Viðmið kvarðans voru fastsett við fyrstu fyrirlögn og því merkir talan 5 á staðlaða kvarðanum dæmigerð viðhorf starfsfólks við fyrstu fyrirlögn. Í tveimur tilfellum eru niðurstöður settar fram sem hlutfall svara við ákveðnum svarmöguleikum. Í þeim tilfellum er engin almenn viðmiðunarregla um túlkun. Dálkurinn „breyting" sýnir breytingu frá síðustu mælingu. Dálkurinn „mismunur" sýnir mismun frá landsmeðaltali yfirstandandi árs. Hægt er að raða gildunum í töflunum hér eftir stærð með því að smella á viðkomandi dálkaheiti.

* Ef staða vinnustaðarins á tilteknum þætti er tölfræðilega marktækt fyrir ofan eða neðan heildarniðurstöðu allra vinnustaða sem tóku þátt er mismunurinn tilgreindur fyrir aftan titil mælingar með rauðum eða grænum stöfum.

## 1. Starfið

| Matsþættir ↑↓ | Niðurstaða | N | Breyting | Landið | N | Mismunur |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 1.1. Vinnuálag | 4,4 | 42 | -0,6 | 4,8 | 4.830 | -0,4 |
| 1.2. Skýrleiki hlutverks | 5,0 | 42 | 1,1 | 5,1 | 4.822 | -0,1 |
| 1.3. Ágreiningur um hlutverk | 4,6 | 42 | 0,0 | 4,8 | 4.827 | -0,2 |
| 1.4. Jákvæðar áskoranir í starfi | 5,1 | 42 | 0,8 | 5,2 | 4.830 | -0,1 |

# 1.1. Vinnuálag – Skarðshlíðarskóli

## Spurningar sem mynda matsþátt

Mælikvarðinn er normaldreifður frá 1 til 9 með meðaltalið 5 og staðalfrávikið 2. Sem viðmiðunarregla er munur uppá 0,5 stig ekki mikill munur, munur uppá 1,0 stig telst töluverður munur og munur uppá 1,5 stig og meira telst mikill munur. Hlutfall við einstökum svarmöguleikum má sjá með því að smella á „Spurningar sem mynda matsþátt" hér að ofan.

*Tölfræðilega marktækur munur á hópum.




Á þessari mynd sést hvernig niðurstöður ólíkra vinnustaða dreifast. Ólíkar punktaraðir gefa til kynna ólíkar gerðir vinnustaða. Rauða línan gefur til kynna niðurstöðu allra vinnustaða sem tóku þátt í könnuninni á þessu ári. Græna línan sýnir niðurstöðu norræns viðmiðunarúrtaks.

# Spurningar sem mynda matsþátt – Skarðshlíðarskóli

Hér fyrir neðan má sjá hlutfall svara við einstökum svarmöguleikum (grænar súlur) samanborið við aðra sem svöruðu spurningunum á sama tíma (rauðar súlur).

*Tölfræðilega marktækur munur á hópum.



# 1.1. Vinnuálag – Ársmeðaltöl






Myndin sýnir niðurstöður ólíkra hópa innan vinnustaðarins.

# Ísland 2020 v.s. Norðurlönd 1999

## 1. Starfið

| Matsþættir ↑↓ | Niðurstaða | N | Breyting | Landið | N | Mismunur |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 1.1. Vinnuálag | 4,4 | 42 | -0,6 | 4,8 | 4.830 | -0,4 **(-1,0)** |
| 1.2. Skýrleiki hlutverks | 5,0 | 42 | 1,1 | 5,1 | 4.822 | -0,1 **(+0,2)** |
| 1.3. Ágreiningur um hlutverk | 4,6 | 42 | 0,0 | 4,8 | 4.827 | -0,2 **(-0,5)** |
| 1.4. Jákvæðar áskoranir í starfi | 5,1 | 42 | 0,8 | 5,2 | 4.830 | -0,1 **(+1,3)** |

# Norrænn samanburður

| **Land** | **Gagnasöfnun 1, 1997 (N)** | **Gagnasöfnun 2, 1998 (N)** |
|---|---:|---:|
| Danmörk | 149 | - |
| Finnland | 280 | 146 |
| Noregur | 372 | 291 |
| Svíþjóð | 214 | 558 |
| **Alls** | **1015** | **995** |

| **Atvinnugrein** | **Gagnasöfnun 1, 1997** | | **Gagnasöfnun 2, 1998** | |
|---|---:|---:|---:|---:|
| | **N** | **%** | **(N)** | **%** |
| Opinber stjórnsýsla | 281 | 28 | 378 | 38 |
| Heilbrigðisþjónusta | 201 | 20 | 288 | 29 |
| Þjónusta | 253 | 25 | 250 | 25 |
| Framleiðsluiðnaður | 280 | 27 | 79 | 8 |
| **Alls** | **1015** | **100** | **995** | **100** |

## 2. Starfsmenn

| Matsþættir ↑↓ | Niðurstaða | N | Breyting | Landið | N | Mismunur |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 2.1. Leikni í starfi | 5,2 | 42 | 1,1 | 5,1 | 4.795 | 0,1 **(+0,7)** |
| 2.2. Skuldbinding til vinnustaðarins | 5,6 | 42 | 0,6 | 5,2 | 4.796 | 0,4 **(+2,1)** |
| 2.3. Skörun vinnu og einkalífs | 4,6 | 42 | -0,9 | 4,8 | 4.793 | -0,2 **(-1,0)** |

## 3. Vinnustaðurinn

| Matsþættir ↑↓ | Niðurstaða | N | Breyting | Landið | N | Mismunur |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 3.1. Starfsandi | 6,1 | 41 | 1,0 | 5,3 | 4.768 | **0,8*** **(+0,9)** |
| 3.2. Stuðningur frá samstarfsfólki | 5,2 | 40 | 0,2 | 5,3 | 4.747 | -0,1 **(+1,0)** |
| 3.3. Stuðningur við nýsköpun | 6,0 | 40 | 0,5 | 5,2 | 4.736 | **0,8*** **(+1,0)** |
| 3.4. Mismunun | 3,9 | 40 | -0,2 | 4,8 | 4.742 | **-0,9*** **(-0,7)** |
| 3.5. Einelti (þú) | 2,5% | 1/40 | -1,1% | 4,2% | 198/4733 | -1,7% **(+0,2%)** |
| 3.6. Einelti (annar en þú) | 2,5% | 1/40 | -4,4% | 11,4% | 535/4696 | -8,9% **(-1,8%)** |

# 2.2. Skuldbinding til vinnustaðarins – Skarðshlíðarskóli

## Spurningar sem mynda matsþátt

Mælikvarðinn er normaldreifður frá 1 til 9 með meðaltalið 5 og staðalfrávikið 2. Sem viðmiðunarregla er munur uppá 0,5 stig ekki mikill munur, munur uppá 1,0 stig telst töluverður munur og munur uppá 1,5 stig og meira telst mikill munur. Hlutfall við einstökum svarmöguleikum má sjá með því að smella á „Spurningar sem mynda matsþátt" hér að ofan.

*Tölfræðilega marktækur munur á hópum.




Á þessari mynd sést hvernig niðurstöður ólíkra vinnustaða dreifast. Ólíkar punktaraðir gefa til kynna ólíkar gerðir vinnustaða. Rauða línan gefur til kynna niðurstöðu allra vinnustaða sem tóku þátt í könnuninni á þessu ári. Græna línan sýnir niðurstöðu norræns viðmiðunarúrtaks.

# Dæmi um spurningu úr kvarða




- Skarðshlíðarskóli
- Ísland
- Norðurlönd

## 4. Stjórnun

| Matsþættir ↑↓ | Niðurstaða | N | Breyting | Landið | N | Mismunur |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 4.1. Stuðningur frá næsta yfirmanni | 5,6 | 40 | -0,1 | 5,4 | 4.628 | 0,2 **(+2,1)** |
| 4.2. Sanngjörn forysta | 5,9 | 40 | 0,3 | 5,3 | 4.606 | **0,6*** **(+1,5)** |
| 4.3. Valdeflandi forysta | 5,7 | 39 | 0,4 | 5,3 | 4.580 | 0,4 **(+2,0)** |
| 4.4. Ræktun mannauðs | 5,9 | 40 | 0,6 | 5,4 | 4.663 | **0,5*** **(+2,4)** |

## 5. Opin Svör

| Matsþættir ↑↓ | Niðurstaða | N | Breyting | Landið | N | Mismunur |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 5.1. Vinsamlegast lýstu því hvað þér finnst gott við vinnustaðinn þinn | - | 29 | - | - | - | - |
| 5.2. Lýstu því sem þér þykir slæmt eða megi betur fara á vinnustaðnum þínum | - | 22 | - | - | - | - |

# 4.4. Ræktun mannauðs – Skarðshlíðarskóli

## Spurningar sem mynda matsþátt

Mælikvarðinn er normaldreifður frá 1 til 9 með meðaltalið 5 og staðalfrávikið 2. Sem viðmiðunarregla er munur uppá 0,5 stig ekki mikill munur, munur uppá 1,0 stig telst töluverður munur og munur uppá 1,5 stig og meira telst mikill munur. Hlutfall við einstökum svarmöguleikum má sjá með því að smella á „Spurningar sem mynda matsþátt" hér að ofan.

*Tölfræðilega marktækur munur á hópum.




Á þessari mynd sést hvernig niðurstöður ólíkra vinnustaða dreifast. Ólíkar punktaraðir gefa til kynna ólíkar gerðir vinnustaða. Rauða línan gefur til kynna niðurstöðu allra vinnustaða sem tóku þátt í könnuninni á þessu ári. Græna línan sýnir niðurstöðu norræns viðmiðunarúrtaks.

# Dæmi um spurningu úr kvarða

Vinsamlegast svaraðu eftirfarandi spurningum með stjórnendur á þínum vinnustað almennt í huga.




- **Skarðshlíðarskóli**
- **Ísland**
- **Norðurlönd**

# Samantekt á samanburði

## Starfið

- Starfsfólk íslenskra sveitarfélaga 2020 mat störfin sín töluvert jákvæðar en norræna viðmiðunarúrtak QPS Nordic könnunarinnar

## Starfsmaðurinn

- Starfsfólk íslenskra sveitarfélaga 2020 mat sig sjálft töluvert til mikið jákvæðar en norræna viðmiðunarúrtak QPS Nordic könnunarinnar

## Vinnustaðurinn

- Starfsfólk íslenskra sveitarfélaga 2020 mat vinnuumhverfi sitt töluvert jákvæðara en norræna viðmiðunarúrtak QPS Nordic könnunarinnar

## Stjórnun

- Starfsfólk íslenskra sveitarfélaga 2020 mat stjórnun á sínum vinnustað mikið jákvæðari en norræna viðmiðunarúrtak QPS Nordic könnunarinnar

**Niðurstaða!**

**Ekki nota viðmiðunarúrtak QPS Nordic könnunarinnar sem viðmið. Slíkur samanburður sýnir nær alla vinnustaði á Íslandi í jákvæðu ljósi og því virðist engin þörf á umbótum.**